

Mánudagur 30. janúar

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.30 **Fræðsluvarp1.** Kynning vorannar, Sigrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðsluvarps. 2. Staerðfræði 102-algebra. Umsjón Kristín Halla Jónsdóttir og Sigríður Hliðar. 3. Geymsla matvæla. Fyrsti þáttur af þremur um geymslu og gæðaeftirlit matvæla og hreinlæti á vinnustöðum. Framleitt af iðntækistofnun. 4. Andlit Þýskalands, Þáttur í tengslum við þýskukennslu Ríkisútvarpsins um Þýskaland, Þjóðverja og þýska menningu.
- 18.00 **Tófragluggi Bomma** – endurs. frá 25. jan. Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Tákn málsfréttir.**
- 18.55 **Íþróttahornid.** Fjallað um íþróttir helgarinnar heima og erlendis. Umsjón Bjarni Felixson.
- 19.25 **Staupasteinn.** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
- 19.50 **Ævintýri Tinna** Ferðin til tunglsins (7)
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.30 **Disneyrimur** Háskólakórinn flytur kaffa úr rímnaflokki Þórarins Eldjárns við tónlist Arna Harðarsonar sem einnig er stjórnandi.
- 21.20 **Að loknum markaðsdegi** (Day After the Fair). Breskt sjónvarpsleikrit byggt á smásögu eftir Thomas Hardy. Leikstjóri Anthony Simmons. Aðalhlutverk Hannah Gordon, Kenneth Haig, Anna Massey og Sammi Davis. Miðaldra barnlausri konu finnst líf sitt og hjónaband tömlegt. Hún vill gera eitthvað til að breyta því en aðstæður gera henni erfitt um vik.
- 23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**



- 15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
- 16.35 **Endurhæfingin** Combac Kid. Hafnabotalaikmaður tekur að sér að bjálfa götukrakka sem engum treysta. Aðalhlutverk: John Ritter, Susan Dey, Doug McKeon, Jeremy Licht og James Gregory.
- 18.15 **Heljur himingimsins.** Teiknimynd.
- 18.45 **Fjölskyldubönd.** Family Ties. Bandarískur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna.
- 19.19. **19:19.** Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð frískleg skil.
- 20.30 **Dallas.** Framhaldsþáttur um ástir og erjur Ewing fjölskyldunnar.
- 21.15 **Skíðaferð á Mont Blanc.** Spennandi skíða- og fjallgönguferð á þennan hæsta tind Alpafjalla, tæpir 5000 þúsund metrar á hæð, milli Frakklands og Ítalíu.
- 22.00 **Fri og frjáls.** Breskur gamanmyndaflokkur um tvenn hjón sem fara í sumarleyfi til Spánar. Aðalhlutverk: Keith Barron, Gwen Taylor, Joanna Van Gysegem og Neil Stacy.
- 22.25 **Fjalakötturinn.** Kvikmyndaklúbur Stöðvar 2. Kviðrista Harakiri. Á 18. öldinni í Japan fer samúræinn Hanshiro, þess á leit við fyrrum yfirmann sinn að fá að fremja harakiri eða kviðristu, sem er hefðbundin sjálfsmorðsaferð í Japan. Beiðninni er hafnað á þeim forsendum að ungur drengur hafi beðið um það sama en beðið um frest á athófninni þegar stundin rann upp. Aðalhlutverk: Tatsuya Nakada, Renataro Mikuni og Akira Ishihama. Leikstjóri: Masaki Kobayashi.
- 00.30 **Hvíta eldingin** White Lightning. Spennumynd með úrválsleikurum. Aðalhlutverk: Burt Reynolds, Jennifer Billingsley og Ned Beatty. Leikstjóri: Joshep Sargent.
- 02.10 **Dagskrárlok**



- 5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
- 6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
- 7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
- 8.00 **Cískó drengurinn.** Kúrekaþáttur.
- 8.30 **Pound Puppies.** Teiknimyndasæria.
- 9.00 **Popp.** Þýskur poppþáttur.
- 10.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
- 11.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
- 12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuopera.
- 13.00 **Eftir 2000.** Visindapáttur.

- 14.00 **Black Arrow.** Teiknimynd.
- 14.30 **Starcom.** Ævintýrasæria.
- 15.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
- 16.00 **Barnaefni.** Teiknimyndir og tónlist.
- 17.00 **Flying Kiwi.** Ævintýraþáttur.

- 17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
- 18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.** Gamanþáttur.
- 18.30 **The Insiders.** Sakamálaþáttur.
- 19.30 **Rio Lobo.** Kvikmynd frá 1970.
- 21.40 **Bilasport.**
- 21.10 **Poppþáttur.** Soul tónlist.
- 22.40 **40 vinsælustu.** Poppþáttur.
- 23.10 **Popp í Vesturheimi.**
- 24.00 **Klassísk tónlist.**
- 0.50 **Afrísk list.4.** hluti
- 1.35 **Saga tiskunnar.1.** hluti
- 2.40 **Tónlist og landslag.**

Rás I
FM 92,4/93,5

- 6.45 **Veðurfreginir.** Bæn, séra Irma Sjón Óskarsdóttir flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið með Randverri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veður-freginir kl. 8.15. Baldur Sigurðsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Litli barnatíminn.** Guðni Kolbeinsson les sögu sína, „Mömmustrákur“. (5) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
- 9.30 **Dagmál.** Sigrún Björnsdóttir fjallar um líf, starf og tómstundir eldri borgara.
- 9.45 **Búnaðarþáttur** – Innlend fóðuroflun. Umsjón: Gunnar Guðmundsson.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir.**
- 10.30 **Skólaskáld fyrir og síðar.** Fimmti þáttur. Frá Jóni Thorodd-sen til Hannesar Péturssonar. Umsjón: Kristján Þóror Hrafnsson. Lesari ásamt honum: Ragnar Halldórsson.
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 11.55 **Dagskrá.**
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfreginir.** Tilkynningar.
- 13.05 **Í dagsins önn** – Sjónstöð Íslands. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan:** „Blóðbrúðkaup“ eftir Yann Queffelec. Þórarinn Eyjólfur les þýðingu Guðrúnar Finnbogadóttur. (3)
- 14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 14.05 **Á frivaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalog sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Lesið úr forustugreinum landsmálblaða.**
- 15.45 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Jón Aðalsteinn Jónsson flytur.
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Kristin Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist á síðdeggi** – Katsatúrinn og Stravínski.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir.**
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Baldur Sigurðsson flytur.
- 19.35 **Um daginn og veginn.** Helga G. Halldórsdóttir, kennari á Flóðum, talar.
- 20.00 **Litli barnatíminn.** Guðni Kolbeinsson les sögu sína, „Mömmustrákur“. (5) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Barokktónlist** – Telemann, C.P.E. Bach og Händel.
- 21.00 **FRÆDSLUVARP.** Þáttaröð um líffræði á vegum fjarkennslu-nefndar. Fimmti þáttur: Surtsey. Umsjón: Steinunn Helga Lárusdóttir. (Áður útvarpað í júlí sl.)
- 21.30 **Útvarpsagan:** „Þjónn þinn heyrir“ eftir Söru Lidman. Hannes Sigfússon les þýðingu sína. (4)
- 22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfreginir.**
- 22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 7. sál.
- 22.30 **Visindapátturinn.** Umsjón: Ari Trausti Guðmundsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
- 24.00 **Fréttir.**

- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfreginir.** Næturútlit á samtengdum rásum til morguns.



- 1.10 **Vökulögin.**
- 7.03 **Morgunútvarpið.** Dægurmála-útlit með fréttayfirliti kl. 7.30 og 8.30 og fréttum kl. 8.00. Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum.
- 9.03 **Stúlkan sem bræðir ishjórtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunspyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur með afmæliskefjum kl. 10.30.
- 11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvasan og gamansaman hátt.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.15 **Heimsbliðin.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatiu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónsson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaman að smáblómum í mannlífsreitnum. (Frá Akureyri.)
- 14.00 **Milli mála.** Óskar Páll Sveinsson leikur nýja og fina tónlist. Útklíkið kl. 14.14. Kristinn R. Ólafsson segir sögur af spænskum.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútlit fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ávar Kjartansson og Sigríður Einarisdóttir. Kaffisjall upp úr kl. 16.00, hlustendapjónustan kl. 16.45. Pétur Gunnarsson rithöfundur flytur pistil sinn á sjötta tímanum. Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu að loknum fréttum kl. 18.03.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurilög með íslenskum tónlistarmönnum.
- 20.30 **Útlit unga fólksins** – Spurningakeppni framhaldsskóla. Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu – Flensborgarskólinn. Dómari og höfundur spurninga: Páll Lýðsson. Spyrill: Vernharður Linnét.
- 21.30 **FRÆDSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum fjarkennslunefndar og Bréfasólans. Fimmti þáttur. (Einnig útvarpað nk. föstudag kl. 21.30.)
- 22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 1.10 **Vökulögin.** Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
- 8.07 – 8.30 **Svæðisútlit Norðurlands.**
- 18.03 – 19.00 **Svæðisútlit Norðurlands.**



- 7.30 **Páll Þorsteinsson.** Þægileg morguntónlist – litlið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Morgun- og hádegistónlist allt í einum pakka. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór á Brávallagötu 92 kíkja inn milli kl. 10 og 11.
- 14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegisútlit tekið létt á Bylgjunni, óskalogin leikin. Síminn er 61 11 11. Bibba og Halldór aftur og nýbúin milli kl. 17 og 18. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 17.
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.10 **Reykjavík síðdegis** – Hvað finnst þér? Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
- 19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri músik og minna mas.
- 20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
- 24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**



- 7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjórnufréttir klukkan 8.
- 9.00 **Níu til fimmi.** Lögin við vinnuna, lítt truflað af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þósson. Heimsóknartíminn (tómt grín) klukkan 11 og 17. Stjórnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
- 17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjórnufréttir klukkan 18.
- 18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til

- að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
- 21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokteill sem endist inn í draumalandið.
- 1.00 **Næturstjórur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og náthrafna.

Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

- 7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
- 9.00 **Morgungull.** Hafdis Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskefju- og óskalogasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
- 12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
- 13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalog og afmæliskefju eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
- 17.00 **Síðdeggi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráns Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttæmast þykir hverju sinni.
- 19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
- 20.00 **Pétur Guðjónsson** á mánu-dagskvöldi. Pétur sér m.a. um Rokkbitann sem stendur til klukkan 21.30, þar sem hann spilar rokk af öllum stærðum og gerðum.
- 23.00 **Þránn Brjánsson** tekur síðasta sprettinn á mánuðögum. Þægileg tónlist fyrir svefninn.
- 1.00 **Dagskrárlok.**



- 13.00 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 1. lestur.
- 13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Frjálst útlit og gildi þess. Umraðuþáttur. E.
- 15.30 **Um Rómönsku Ameríku.** E.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
- 17.00 **Samband sérskóla.**
- 17.30 **Dagskrá Esperantosambandsins.**
- 18.30 **Nýi tíminn.** Umsjón: Bahá'í-samfélagið á Íslandi.
- 19.00 **Opið.**
- 20.00 **FES.** Unglingaþáttur. Umsjón: Klara og Katrín.
- 21.00 **Barnatími.**
- 21.30 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 1. lestur. E.
- 22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Ferill og „FAN“.** E.
- 2.00 **Næturvakt** til morguns með Baldri Bragasoni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.



- 16.00 **Dagana 30.** jan.–3. febr. verður á Útlit sk. lukkuvika og fyrirkomulagið með öðru sniði en venjulega. Rjóminn af þáttagerðarmönnum stöðvarinnar sér um dagskrána og verða þeir með ýmsar uppkomur. Góð tónlist situr að sjálfsgöðu í fyrirrúmi, en að auki verða viðtöl við landsþekktar persónur, glens & grín, að ógleygdu getraunum þar sem veitt verða hin ótrúlegustu verðlaun. Því er best fyrir ykkur að vera góð og stíll.
- 1.00 **Dagskrárlok.**



- 19.00 **Þyrtur í laufi.** Jóhann Ásmundsson spilar uppáhalds pönkið sitt.
- 20.00 **Gatíð: Húmanistar á mannlegu nótnum.** Félagar í Flokki mannsins sjá um þáttinn. e.t.
- 21.00 **Freginir.** 30 mínútna fréttapáttur. Fréttayfirlit síðustu viku. Fólk ræðir málin.
- 21.30 **Mannamál** Íslenskukennarar sjá um þáttinn.
- 22.00 **Gatíð.**
- 23.00 **Fónk og Fusion.** Ármann Gyfason og Steindór Gunnlaugsson kynna funk- og fusíontónlist.
- 24.00 **Dagskrárlok.**

Stöð 2 kl. 22.25:

Kviðrista

Það hefur alltaf verið vinsælt í Japan að sækja efni- við aftur í aldir og þá sérstaklega í ævi samúræa. Og Kviðrista (Harakiri) er engin undantekning. Fjallar myndin um samúræa sem sækir um hjá yfirmanni sínum að fá að fremja sjálfsmorð á hefðbundin hátt með því að kviðrista sig. Beiðni hans er tilkominn vegna þess að fríður hefur verið lengi og samúræinn orðinn verkefnaless og því fylgir fátækt hjá stríðsmanni.

Yfirmaður hans neitar honum og segir honum sögu sem áhorfendur fá að sjá af

samúræa sem hafði komið með sömu beiðni sem fyrst hafði verið neitað en síðan samþykkt en þá hafði samúræinn skipt um skoðun en varð að fremja sjálfsmorð. Ef hann hefði ekki gert það hefði það verið óvirkning við samúræaheitið ...

Harakiri vakti mikla athygli á sínum tíma þegar hún kom á markaðinn 1962. Enda er hér fjallað um verknað sem er fjarlægur Vesturlandabúum en þótti mikill heiður að í Japan áður fyrr. Sjálfsagt ættu viðkvæmar sálir að láta Kviðristu eiga sig.

-HK



Háskólakórinn syngur Disneyrimur.

Sjónvarp kl. 20.30:

Disney-
rímur

Í kvöld mun Háskólakórinn flytja hluta af Disneyrímunum eftir Þórarin Eldjárni. Disneyrímur, sem eru langur kvæðabálkur, vöktu mikla athygli á sínum tíma og eru að margra mati höf- uðverk Þórarins Eldjárns

hingað til. Fjallar hann þar um Walt Disney og veröld hans á skemmtilegan máta. Það er Árni Harðarson sem hefur samið tónlistina og stjórnar hann einnig kórnum.

-HK

Rás I kl. 13.35:

Blóðbrúðkaup

– ný miðdegissaga

Ný miðdegissaga, Blóðbrúðkaup eftir Yann Queffelec, hefur hafid göngu sína á rás I. Fjallar sagan um líf drengsins Ludovic, óvelkomið líf sem kviknaði í kvið þrettán ára gamallar móður hans eftir að þrjár sauðdrukknir Amerikanar nauðguðu henni og svirtu á allan hátt. Fyrstu ár ævinnar er hann geymdur uppi á háalofti til þess að enginn komist að því að hann sé til, því ekki má falla blettur á heiður fjölskyldunnar.

Höfundurinn, Yann Queffelec, hóf feril sinn með því að skrifa ævisögu hins merka tónskálds Béla Bart-

ók. Hann sendi frá sér fyrstu skáldsögu sína, Svarta töfra, árið 1983 og hlaut þegar einróma lof franska gagnrýnenda. Tveimur árum síðar sendi hann frá sér Blóðbrúðkaup og náði þá hylly gagnrýnenda og almennings.

Sama ár voru honum veitt eftirsóttustu bókmenntaverðlaun sem veitt eru í heimalandi hans Frakklandi, Concours verðlaunin, en þau eru árlega veitt þeim rithöfundum sem hvað best þykir hafa fetað í fótspor meistarar Gustave Flaubert. Þá má geta þess að Blóðbrúðkaup var kvikmyndað á síðasta ári.